

Geitafiða, kasmír og dýr sjöl

Kasmír er myndarlegt fjalllendi sem liggur á landamærum Indlands og Pakistans. Í Kasmír voru ofin sjöl sem gerðu garðinn frægan og voru nefnd eftir svæðinu: Kasmír-sjöl. Vefnaðurinn í Kasmír var ofinn úr bandi sem spunnið var úr hárum geita frá Tíbet og fleiri löndum í Mið Asíu. Þannig fóru menn að nefna geiturnar sem voru uppspretta hinna mjúku trefja Kasmírgeitur. Í Nepal var þessi vefnaður einnig stundaður og þar voru sjölin nefnd pashmina sem er persneska orðið yfir ull. Kasmír og pashmína eru orð sem bæði eru alþjóðlega notuð yfir það sem á íslensku heitir fiða eða geitafiða. Á Íslensku eru orðin kasmír eða kasmírull einnig notuð. Á geitum sprettur enn fremur strý. Strýið er grófara en fiðan og telst seint efni í fín sjöl. Það hefur verið notað í reipi og þess konar í fjallendunum fjarlægju. Þessi hár samsvara þeli og togi á fé. Menn á vegum breska heimsveldisins fóru snemma á 19. öld í leiðangra í fjallendin til að tryggja heimsveldinu kasmírgeitur þar sem sjöl úr kasmírull voru orðin dýr innflutt tískuvara á Bretlandseyjum. Þessi flutningur á geitum gekk ekki vel því þær þrífust ekki í nýjum heimkynnum. Leitaði var langt yfir skammt. Bæði í Skotlandi og á Íslandi voru geitur gæddar sömu eiginleikum en það fréttist ekki fyrir en miklu seinna.

Ekki er vitað um annan innflutning á geitum á Íslandi en þann sem átti sér stað við landnám. Núna telst stofninn vera um 650 dýr á veturfóðrum. Íslenski geitastofninn hefur meira og minna gengið sjálfala um langan aldur og aldrei verið ræktaður með háranýtt í huga. Stofninn er vel hærður af náttúrunnar hendi og gæti orðið arðbær kasmírstofn ef vel er ræktað og unnið. En það sem er brýnast núna varðandi geitarækt á Íslandi er að minnka skyldleikarækt stofnsins og nýta sér hafrasæðingar sem standa til boða. Íslenska geitin er eini íslenski bústofninn sem telst vera í útrýmingarhættu og á valista, en það telst vera ef færri en 1000 kvendýr eru í stofni. Til að auka líkur á því að hann lifi af þarf að fjölga dýrunum og til að áhugi sé fyrir því þarf hann að vera nytjastofn og ein leið er að nýta geitafiðuna.

Eini útflutningur geita hingað til var árið 1986 þegar 2 hafrar og 4 huðnur voru fluttar út til Skotlands vegna kasmír-rannsókna þarlendra. Íslenski geitastofninn var einn fjögurra geitastofna sem notaðir voru til að mynda nýjan stofn, Scottish casmere goat, sem átti að vera upphaf að kasmírvinnslu í Bretlandi.

Ég er með geitafiðuverkefni í gangi í samvinnu við Jóhönnu B. Þorvaldsdóttur bónda á Háafelli. Einnig hef ég kembt geitur í Keldudal í Skagafirði. Verkefnið hófst í janúar 2010 vegna undarlegra tilviljana sem ekki verða raktar hér. Til að rýja geitur eru notaðir kambar. Þær ganga úr hárum að vori fram eftir sumri og er það tímabilið sem við kembum þær. Ég keypti kamba frá Englandi sem eru sérstaklega ætlaðir til þess að kemba fiðu af geitum. Þeir kallast Perth kambar og virka vel. Við tjóðrum geitina sem við ætlum að kemba við garða og svo fer það eftir aldri, reynslu og karakter viðkomandi geitar hvernig henni líkar kembangin, en flestum líkar vel. Maður byrjar á því að kemba hálsinn að framanverðu niður að bringu og færir sig svo aftur með búknum. Við höfum safnað hárunum í poka búna til úr máissterkju þar sem þeir anda og eru hæfilega litlir fyrir það magn sem kemur af einni geit. Við merkjum pokana með nafni viðkomandi geitar til að geta haldið utanum magnið sem kemur af hverri geit. Allt er fært til bókar. Af hverri geit koma um 80-180 g af hárum. Það má reikna með að 50% af því magni sé nothæf geitafiða.

Til að geitafiða geti talist kasmír verður þvermál háranna að vera innan 18 mμ (míkróna) og þau verða að vera lengri en 35 mm. Best er ef hárin eru 13-16 mμ og 40-50 mm löng. Ég hef sent hárasýni til mælinga af geitum á Háafelli í Hvítársíðu til The Fibre Lab í Aberdeen í Skotlandi. Meðaltal þvermáls 24 sýna var 16.65 mμ, og það sem fínast mældist 13,9 mμ og grófast var 16,6 mμ. Meðallengd 16 sýna var 34.25 mm. Það stysta var 32 mm og lengsta 55mm.

Til að læra á efnið vann ég geitafiðu af 40 geitum í höndunum árið 2010. Ekki þó allt reyfið af hverri geit, heldur bara þrjú. Í því verki fólst að kamba skepnuna, þvo reyfið, hæra, kamba og handspinna. Það var um 8-12 klt. verk að vinna 6-10 g af geitafiðubandi. Mesta vinnan fór í að hæra, þ.e. að tína strýið úr fiðunni. Það er mismikið af strýi í hverju reyfi og það er misgróft. Þetta er mikið þolinmæðisverk og hlustaði ég á ófáar hljóðbækur með því. Samhliða þessari vinnu aflaði ég mér upplýsinga um efniviðinn sem ég var með í höndunum og komst að mörgu, m.a. því sem ritað er ofar í greininni og að til eru vélar sem hæra geitafiðu og kamba og spinna hana, en þó ekki hér á landi. Einnig að stærsti kasmírframleiðandi heims er Kína. Í leit minni að upplýsingum kynntist ég geitabóndanum henni Lesley Prior, í Devon á suður Englandi, sem heldur kasmírgeitur. Hún er með stærsta kasmírgeitabú á Englandi og heldur geitur af Scottish cashmere goat stofninum. Hún tjáði mér að Scottish cashmere goat ræktunarverkefnið hefði runnið út í sandinn því ekki hefði verið stutt við þá bændur sem áttu að nytja geitafiðuna á Bretlandseyjum.

Staða geitafiðuverkefnisins hérna heima er sú að við vitum að fínleiki hára er réttur, hárin eru mislöng eða stutt og að þegar tækifæri gefst ætti að vera hægt að rækta góðan kasmírstofn á Íslandi. Við ætlum að halda áfram að kamba og vigta reyfin af geitunum. Ég er enn að leita að vinnslustöð í norður Evrópu sem gæti þvegið, hært, kembt og spunnið geitareyfin frá Íslandi. Mér hefur verið bent á að vanda valið við verksmiðju því að ekki hafa þær allar reynslu af að vinna kasmír sem ber ekki að vinna alveg eins og ull. Það þarf minnst 100 kg af hráefni til að leggja inn í verksmiðju og við stefnum á það. Hinn kosturinn er að finna verksmiðju sem að tekur minna magn og treystir sér í kasmírvinnslu. Kasmír er eftirsóknaverð vara og dýrmæt sem og vinnan sem lögð er í geitafiðuverkefnið og er ætlunin að vanda vel til verksins og flýta sér hægt.